

Reykjavík 26. júní 2015

Til:

Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra
Höskulds Þórhallssonar, formanns umhverfis- og samgöngunefndar
Jóns Gunnarssonar, formanns atvinnuveganefndar

Ályktun stjórnar Vistfræðifélags Íslands um úrskurð yfirítuölnunefndar um beit á Almenninum

Ísland á sér langa sögu gróðurs- og jarðvegseyðingar þar sem hafa tvinnast saman náttúrleg eyðingaröfl og eyðing í kjölfar nýtingar mannsins á gróðurauðlindinni. Á síðustu áratugum hefur margt áunnist í baráttunni gegn eyðingaröflunum ekki síst eftir að þekkingu á vistfræðilegum ferlum fleygði fram. Landið er hins vegar enn víða í tötrum og jarðvegseyðing sem rekja má til ofnýtingar lands á sér enn stað.

Þjóðfélagslegt langtíma markmið hlýtur að vera að vinna að verndun náttúrunnar og sjálfbærri nýtingu gróðurauðlindarinnar þar sem byggt er á vísindalegri þekkingu. Til að tryggja markvissa stefnu að þessu langtíma markmiði þarf auk þess löggjöf um eignarhald og nýtingu lands sem fellur sem best að því.

Nýlegir atburðir benda til að við eigum enn langt í land varðandi þessi tvö atriði og er þar vísað til úrskurðar meirihluta yfirítuölnunefndar um að leyfa beri beit á afétti Almenninga. Úrskurðurinn byggði ekki á bestu fánlegu þekkingu fremstu vísindamanna landsins um gróður- og jarðvegseyðingu og endurheimt vistkerfa. Þvert á móti var álit þeirra um að ekki væri tímabært að leyfa beit á svæðinu hunsað. Þetta var mögulegt vegna gallaðrar löggjafar um landnýtingu og eignarhald og því vó álit lögfróðra og hagsmunaaðila þyngra en vísindaleg vistfræðileg þekking.

Stjórn vistfræðifélagsins harmar þessa stöðu og hvetur stjórnvöld og Alþingi til að beita sér sem fyrst fyrir því að skapa það lagaumhverfi sem þarf til að ná langtímamarkmiðum um verndun náttúrunnar, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra nýtingu gróðurauðlindarinnar jafnt sem annarra náttúruauðlinda.

Sjórn Vistfræðifélags Íslands,

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, formaður
Ágústa Helgadóttir
Erpur Snær Hansen
Gísli Már Gíslason
Tómas Grétar Gunnarsson

Aftit sent til fjölmiðla